

Ingjaldur Tómasson:

(Fyrri grein)

# Vandamál íslensks landbúnaðar

Orsakir þess vanda, sem landbúnaðurinn er nú í, eru eflaust margar. Hæst ber þar þó verðbólgun og verðbólguhugsunarháttinn, sem hefir grafið um sig í hugum flestra, þar á meðal bændanna sjálfra.

Þegar ég var ungur drengur, voru engar vélar notaðar við landbúnaðinn, aðeins handverkfæri, orf, ljár, hrífa, skófla, gaffall, ristuspáði og hesturinn til flutninga. Á þessum tíma voru stofnuð rjomabú til að vinna smjör frá mjólkur. Síðan var það flutt á hestvögn um austan yfir fjall til Reykjavíkur, og þaðan á enskan markað, þar sem það stóðst fulllega samkeppni við háþróuð landbúnaðarlönd, eins og t.d. Danmörku. Nú er landbúnaðurinn orðinn eins vel, eða jafnvel betur vélvæddur en í ýmsum nálægum landbúnaðarlöndum. En þrátt fyrir það getum við hvergi keppt á erlendum mörkuðum nema með miklum útlutningsbótum.

Hvernig getur staðið á þessu? Ef til vill geta hagspekingarnir leyst gátuna. Eg hefi hugsað mér að reyna að athuga þessi vandamál, ef það mætti verða til ábendingar um umbætur í landbúnaði, svo að hann verði að mestu samkeppnisfær, bæði hér og erlendis.

Verðbólguhugurferð, sem hefir þróast um árábil í hugsun og athöfnum þjóðarinnar, er ef-

laust ein stærsta orsök niðurlægingar íslensks landbúnaðar. Sparnaður og hagsýni er tæpast lengur í hávegum haft í landbúnaði frekar en annars staðar hjá okkar þjóð. Eftir því sem tilkostnaður eykst t.d. af kjarnfóðurs-, véla- og áburðarkaupum, þá á það að greiðast í hækkuðu verði.

## Kjarnfóður og heynýting

Einher hinn skadlegasti kostnaðarþáttur landbúnaðar er gifurleg notkun erlends kjarnfóðurs. Það má nú þegar heita sannað, að þessi miklu kaupkraftfóðurs eru að mestu leyti óþörf. Við höfum nefnilega meir en nóg og miklu betri innlend efni í fóðurbæti. Mig minnir, að það hafi komið í ljós á tilraunaþúni í Laugardælum, að máttulega sprottinn íslensks taða (há) sé eitt bezta fóður, sem til er. Með þessu fóðri þarf lítinn sem engan fóðurbæti, nema þá helzt í kýr í mjög hárrí nyt. Og þá er það eilífðarmálið, sem seint ætlar að meltast í skynjunarfærum bænda og forráðamanna þeirra, hvernig á að geyma og verka þetta ágæta, næstum ahlíða fóður yfir veturinn, svo það missi sem minnst fóðurgildi. Aðeins ein leið er löngu þekkt, og hefir reynzt ágætlega, en það er hin margnefnda votheys-

verkun. Eg hefi áður skrifað um reynslu, bæði mína og annarra, af þessari ágætu og einu þekktu aðferð, þar sem mjög lítið tapast af lifrænum efnum við geymsluna. Samt held ég að ég verði enn einu sinni að telja upp helztu kosti þessarar heyrverkunar í þeirri von að menn stingi ekki höfðinu í sandinn, þegar augljósar staðreyndir blasa við: Auðvelt er að hirða og verka gott vothey, jafnvel þótt mikil rosatið sé. Þegar upp stýttir og máttulega er sprottið, er farið með tilheyrandi vélar (eftir efnum og ástæðum) út á slægjulandið, slegið, rakað og flutt í heygeymslur samdægurs. Engar áhyggjur vegna „úr sér sprettu“, hraknings, foks eða heybruna en allt þetta hefir valdið íslenskum bændum og íslensku þjóðinni óútreiknanlegu fjárhagstjóni. Nýlega eru litið tvö mikil rosasumur. Það má segja að bændur hafi „sloppið með skrekkin“ síðastliðið sumar. Þó hefi ég fulla vissu um, að víða misstu snemmsprottinn tón mikið fóðurgildi vegna tréunnar hjá þeim bændum sem litid eða ekkert vothey höfðu. Þegar túnin eru orðin svo mikil flæmi sem sjá má, þá gengur það vitfirningu næst að hugsa sér að þurrka allt það geysimikla hey í rosasumrum. Eg hefi haft samtalið við fólk, sem vann við þurrheyskap síðasta sumar. Það kvartaði um

ótrúlegustu vinnubrækkun og vökur þá daga sem þurrkurinn var. Menn verða að þræla svefnlitur dag eftir dag, ýmist akandi á skröltandi heyrinu velum eða vinna að stöflun heybagga sem er ein erfiðasta vinna sem nú þekkt. Í slæmri tíð neyðast bændur oft til að binda heyidilla þurr, og er það þá oft grútmýglaður óþverri, sem ekki er mögulegt að fódra nokkra skepnu á, nema með mjög miklu kraftfóðri.

Ég heyrði samtalið við kaupfélagsstjóra af Vestfirðum. Hann sagði að reikningar bænda sýndu ljóslega hverjir verkuðu mest vothey. Afkoma þeirra væri mjög góð, en þurrheysbændur sætu fastir í skuldaspunni. Þingmaður að vestan sagði í útvarpi að bændur á Ströndum kæmust vel af með bú af meðalstærð, aðallega vegna þess að þeir væru fljóttir að heyja og verkuðu allt í vothey.

Fyrirverandi bóndi af Rauðasandi sagði mér þetta skemmtilega dæmi um ágæti votheys. Einhver kunningi hans bað hann að fódra fyrir sig hest, sem var orðinn mjög holdárýr. Hann var settur við stall með öðrum hestum, sem voru vel aldir og fengu eingöngu vothey. Aðkomuhesturinn var mjög lystugur, og þegar hann var búinn með sinn skammt, var honum gefið votheysmóðið frá hinum hestunum, sem hann gerði góð skil. Af þessu fóðri eingöngu tók aðkomuhesturinn svo skjóttum bata, að þótti með ölkindum, hljóp sem sagt í spik á stuttum tíma.

## Aburður og nýting hans

Nýlega kom það fram í útvarpi, að nýjar rannsóknir sýndu, að mikil og langvinn notkun gervíaburðar orsakandi lélegri og efnasnaudari afurðir. Þetta gæti orðið alvarlegt vandamál, bæði fyrir bændur og neytendur. Þó að köfnunarefni, fosfor og kalí sé borid á, þá vantar um 20 þekktar tegundir af litlu efnunum (snefilefnum). Það er að vísu sjaldgæft en á sér þó stað, að húsdýraaburður sé ýmist illa eða ekki nýttur. Þegar ég var vinnumaður á Selbjarnarnesi, um 1918, var þar allur húsdýraaburður hræður út í vatni. Þegar þvag og skolp

frá heimilinu þraut, var dælt vatni með handdælu, stundum jafnvel heilan dag í einu. Síðan var úþynntum áburðinum austið í forarkassa með dreifara, sem dreifði áburðinum jafnt yfir túnið. Eg hefi heyrt að bændur á Egilsstöðum hafi sjálfir smiðað mjög gott tæki, sem dreifir fljótt áburði mjög vel. Þessi áburðaraðferð gerir það að verkum, að jörðin nýtir áburðinn til fulls, þótt mikil þurrkavor séu. Íslenskir bændur þyrftu að fá hentugar vélar til að dreifa öllum húsdýraaburði í fljóttandi formi. Fjölmörg lifræn áburðarefni eru ekki nýtt hér á landi. Úrgangur frá slátrahúsum og fiskvinnslustöðvum er látinn rotna í sjó eða vötnum. Frærensli frá þéttbýli rennur óheinsað í sjó, ár eða vötn, og veldur gifurlegri mengun, t.d. frá Faxaflóasvæðinu og Akureyri. Ráðamenn og almenningur virðast vera staurblindir á þá stórhættu, sem af þessu stafar fyrir lífríki Faxaflóans. Eflaust mætti vinna áburð úr því gifurlega magni lífefna sem þarna ónýttast. Þang og þari var mikið notað áður fyrr, en nú litid sem ekki. Hið besta jarðvegi er lífrænt. „Þangið er dyrgripaskrin lífrænna efna.“ Fiskimjöl er gott bæði sem skepnufóður og til áburðar. Er það ekki orðin lífsnáðsýn að nýta sem bezt hin ágætu lífefni sem við eigum í stað þess að kaupa bæði fóðurvörur og áburð erlendis? Með því bæði spörum við erlendan, dýrmætangjaldeyri og stuðlum að meiri hollustu landbúnaðarvára og þar með að heilbrigði fólks og fénabætur. Það er víst, að gervíaburð má spara mikið, án þess að árangur verði minni. Eg heyrði fyrir nokkru, að ein húsfreyja austur í Grimsnesi hefði borid á um 1/3 minni áburð en bændur yfirleitt notuðu, en samt fengid eins mikla uppskeru, og að líkum miklu betri en bændur almennt. Þessi kona er vel menntuð í jarðvegslifræði. Alltof lítið er gert til að mennta bændur í þessari vísindagrein, það gæti með öðru stuðlað að afkomuóryggi bænda. Einhver sagði mér að bændur í Kanada „smökkuðu“ á gróðurmolddinni og finni á bragðinu hvaða áburður hæfir bezt.

Ingjaldur Tómasson

# Stórgjafir til Thor Thors sjóðsins




HEI—Thor Thors sjóðnum í New York, sem starfar á vegum American Scandinavian Foundation, hefur nýlega borizt vegleg gjöf að upphæð 48.500 dollarar frá dánarbúi Einar Þorkelssonar í samræmi við erfðaskrá hans. Hefur sjóðurinn eflzt mjög á s.l. mánuðum þar sem honum hafa einnig verið afhentir 60.000 dollarar í tilefni af 200 ára afmæli Bandaríkjanna. Eru þetta því samtals um 2.3 milljónir. Í erfðaskrá sinni gerði Einar Þorkelsson ráðstafanir til að þetta fé hans gengi til styrktar íslenskum námsmönnum í Bandaríkjunum svo og til styrktar amerískum námsmönnum á ís-

Einar Þorkelsson, Skafftellingur, er starfaði sem tizkuhönnuður í New York í yfir 30 ár.

landi. Hefur þessu fé nú verið ráðstafað til Thor Thors sjóðsins, er hefur m.a. það markmið að styrkja Íslendinga til náms í Bandaríkjunum. Einar Þorkelsson fæddist í V-Skaftafellssýslu árið 1917. Hann fluttist til New York 1942 og starfaði þar sem tizkuhönnuður til dauðadags árið 1975. Einar var

sagður hvers manns hugljúfi er vildi allra götur greiða. Þótt hann byggi fjarri ættlandinu, var hugurinn ávallt á Íslandi, enda ráðstafaði hann eignum sínum til málefni sem hann taldi verða íslensku þjóðinni til göbs. Einar komst mjög langt í sinni grein, og var mikils metinn af stéttarbræðrum sínum.



## Sýnir á Kjarvalsstöðum

JB Þann 4. febrúar opnar Guðbergur Auðunsson sína fyrstu einkasýningu á Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Guðbergur er fæddur 1942. Hann nam við Kunsthaandværker-skolen í Kaupmannahöfn 1959-1963 vann við teiknistörf í New York 1964-1965 og stundaði síðan nám við málaraeild Myndlista- og handbaskóla Íslands veturinn 1976-1977.

Á sýningunni verða tuttugu og þrjár myndir, flestar unnar í akryllitum, en nokkrar með öllu, og eins og listamaðurinn sjálfur segir þá er kveikjan að myndunum ys og þys stórborga, gömul og ný skilaboð og síthvað fleira. Sýningin verður opin til fimmtánda febrúar. Myndin er af Guðbergi fyrir framan eitt verka sinna. Tímamynd: Robert.

# Laugarneskirkja Bach-tónleikar, guðspjónustur og kirkjukaffi

HEI—Næstkjomi sunnudag 5. febr. verður mikið um að vera í Laugarneskirkju. Kl. 11 verður barnaguðspjónusta og er ástæða til að minna foreldra á að hvetja börn sín til að sækja þessar guðspjónustur og gjarnan koma með þeim.

húsrúm leyfir. Er þetta nýlunda en verður vonandi oftár.

Kl. 17 verða svo Bach-tónleikar í kirkjunni. Gústaf Jóhannesson organisti leikur verk eftir J.S. Bach. Gústaf Jóhannesson er góður tónlistarmaður og með dugmeiri organistum hér á landi, svo hér er um athyglisverða tónleika að ræða. Aðgangur að tónleikum er ókeypis, en fólk gefst kostur á að leggja fram sinn skerf til safnaðarheimilisins að þeim loknum.

Kl. 14 verður messa og mun safnaðarsystirin, Margrét Hróbjartsdóttir, predika. Eftir messu verður boðið upp á kirkjukaffi í safnaðarsal kirkjunnar meðan

# Starfshópur um „STOMA“ aðgerðir

Hér á landi mun vera allstór hópur fólks á ýmsum aldri sem þurft hefur að gangast undir svonefndar „colostomy“, „ileostomy“ og „urostomy“ skurðaðgerðir vegna sjúkdóma í meltingarfærum og þvagfærum. Nokkrir einstaklingar sem eiga beinna hagsmuna að gæta í þessu sambandi, eða vilja stuða að velferð þessa fólks, mynduðu starfshóp í haust sem hefur haldið nokkra umræðufundi í Reykjavík. Unnið er að því að auðvelda útvegum þeirra hjálpartækja sem þessu fólk eru nauðsynleg og kanna þörfina fyrir þau í landinu. Auk þess er m.a. áformað að koma á fræðslu- og upplýsingastarfsemi um þessi efni í samráði við starfsfólk heilbrigðismála, en mikill skortur er á henni.

Við skipulagningu slíkrar starfsemi, sem e.t.v. gæti leitt til félagsstofnunar, er nauðsynlegt að komast í samband við sem flesta er hafa gengizt undir ofangreindar aðgerðir, bæði hér á landi og á erlendum spítöllum, eða aðstandendum, t.d. þegar um börn er að ræða. Þeir sem áhuga hafa á þessu þarflega máli eru vinsamlegast beðnir að gefa sig fram skriflega, þ.e.a.s. senda nafn, heimilisfang og símanúmer og geta um tegund aðgerðar. Utanáskriftin er:

Starfshópur CIU (trúnaðarmál) Pósthólf 523 101 Reykjavík